



Til:  
Efni:  
Upplýsingar:

Rúnar Guðmundsson <runar@utu.is>  
Re: Beiðni um umsögn. Geldingafell; Fjallaskáli; Framafréttur; Deiliskipulag - 1903014  
Sent: 12-06-2019 11:25:50 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2019050024, Bréfalyklar: 42-0 almennt

Tilvísun í mál: 2019050024

Vísað er í tölvupósta frá Bláskógabyggð, dags. 11. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um 6 mál sem snúa að gerð deiliskipulags fyrir skála á hálendinu. Flestir skálanna eru tengdir við Kjalveg, fimm talsins, en sá sjötti, Bratti, er í Botnssúlum en þangað liggur ekki vegur. Bratti er innan Þingvallabjórðgarðs. Fyrir Árbúðir og Gíslaskála er í gildi deiliskipulag en fyrir Bratta, Skálpanes, Fremstaver og Geldingafell er ekki til deiliskipulag.

Almennt ber að fagna því að verið sé að gera deiliskipulag fyrir þá skála eða ferðabjónustusvæði þar sem ekkert deiliskipulag er fyrir hendi. Það vekur hins vegar upp spurningar um hvernig standi á því að ekki er til deiliskipulag fyrir staði eins og t.d. Geldingafell sem er tiltölulega nýr, skv. loftmyndum, en litlar upplýsingar er að finna um sögu staðanna í greinargerðum með þeim. Sumir skálanna eiga sér langa sögu jafnvel fyrir tíma miðhálandisskipulags. Einnig væri eðlilegt, þar sem um marga skála er að ræða innan miðhálandisins, að gerð sé grein fyrir heildarstefnu um skála á hálendinu eða hálandismiðstöðvar. Vissulega er vísað í almenn atriði í t.d. Landsskipulagi og aðalskipulagi Bláskógabyggðar en ekki tekið á því hver sé heildarstefnan og afstaða til einstakra skála til framtíðar að öðru leiti en því sem hér er lagt til. Á t.d. að fjölga skálum í framtíðinni, á að setja hámark um stærð skála eða á bara að bæta í ef umferð eykst um hálendið eða einhverjum dettur í hug að nýta ný svæði? Eða er gert ráð fyrir á einhverjum tímamarki þurfi jafnvel að takmarka umferð um tiltekin svæði. Hefur einhver umræða farið fram um t.d. tengsl við miðhálandisþjóðgarð og stýringu á umferð um miðhálandið almennt.

Í greinargerðum með deiliskipulagstillögunum kemur ekki fram hverjir bera ábyrgð á rekstri viðkomandi skála eða hvaða leyfisveitingar liggja fyrir þar sem um er að ræða þjóðlendur.

Margir skálanna eru áningarstaðir vegna hestaferða en ekkert mat er á því hvað sé gert er ráð fyrir mikilli umferð hesta eða hvað gróður svæðanna þolir eða hvort sett verða sérstök skilyrði vegna hestaferða t.d. hvað varðar fjölda hesta og beit.

Einnig kemur fram í greinargerðum að skálar séu t.d. ekki á skilgreindu víðerni þar sem þeir eru t.d. við Kjalveg. Á það skal bent að í skilgreining á óbyggðum víðernum er það ekki eingöngu mannvirki sem hafa áhrif á þau heldur einnig umferð þ.e. að hægt sé að njóta einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja. Þetta þarf að hafa í huga þegar sífellt er lagt til að auka möguleika á alls kyns ferðabjónustu s.s. vélsleðaferðum, á hálendinu. Það er því ekki nóg að taka fram að viðkomandi staður sé t.d. utan víðerna ef sá rekstur sem hann biður upp á er þess eðlis að hann hefur áhrif á upplifun á víðernum langt út fyrir sjálfan staðinn.

Allir umræddir skálar eru á frekar gróðursnauðum svæðum og er tekið undir það mat að ekki er líklegt að þeir hafi mikil áhrif á gróðurfar. Einnig er tekið undir mat á áhrifum á jarðmyndanir. Það er því fyrst og fremst áhrif á landslag og víðerni sem þarf að skoða og svo þau mál sem snúa að mengun. Eftirlit með því að skilmálum í deiliskipulagi sé fylgt eftir skiptir því miklu máli og á það bæði við um útlit og almenna umgengni jafnt sem mengunarþætti.

Almennt er komist að þeirri niðurstöðu í greinargerðum með deiliskipulagstillögunum að áhrifin séu jákvæði á samfélag. Forsendur fyrir þeirri niðurstöðu eru yfirleitt að starfsemin skapi atvinnu og möguleika á útivist m.a. göngu og hestaferða. Að mati Náttúrufræðistofnunar er þetta full mikil einföldun því rétt er að benda á að aukin aðstaða getur einnig kallað á meiri mengun bæði vegna almennrar neyslu og t.d. vegna bíla og vélsleða (kolefnisspor) og meiri truflun svo eitthvað sé nefnt.

Þetta er einnig hliðar á almennum samfélagslegum áhrifum sem síðan hafa áhrif á náttúruna og áhrif á kostnað og því mikil einföldun að meta áhrifin á samfélag alltaf jákvæð.

**Geldingafell; Fjallaskáli; Framafréttur:** Hér vantar deiliskipulag og ber að fagna því að það sé gert. Gert ráð fyrir aðstöðu fyrir allt að 50 manns sem er hámarksviðmið fyrir skála á hálendinu. Í deiliskipulaginu er hins vegar gert ráð fyrir enn frekari uppbyggingu án þess að forsendur þess komi fram t.d. hvort það er í samræmi við almenna stefnu um miðhálendið eða með vilja leyfisveitenda.

**Árbúðir; Fjallaskáli; Afréttur norðan vatna:** Hér er fyrir hendi deiliskipulag og gistingu fyrir allt að 30 manns. Í aðalskipulagi er gert ráð fyrir mögulegri stækkun og aukningu í gistingu fyrir allt að 70 manns (vel yfir 100%) og er nú lagt til að heimilt verði að fara í þá stækkun. Eina ástæðan fyrir því er talin vera sú að ferðamönnum fjölgar. Vaknar þá sú spurning hvort það sé almenn stefna í öllum tilfellum að stækka hvern „fjallaskála“ í hálendinu eftir því sem ferðamönnum fjölgar. Sbr. að einnig er gert ráð fyrir að stækka aðstöðu við Geldingafell umfram það sem nú er lagt til, einnig Svartárbotna og Fremstaver.

Í umræðu um uppgræðslu við Árbúðir er ekki tekið fram hvaða tegundir eða aðferðir eru notaðar við uppgræðslu. Þar ætti t.d. að koma skýrt fram að ekki eigi að nota framandi tegundir við uppgræðslu á þessu svæði. Einnig segir að nota eigi afgangshay við uppgræðslu en spurning er hvort það sé æskilegt í öllum tilfellum m.t.t. þess hvað getur borist með heyinu.

**Bratti í Botnsúlum:** Þessi skáli hefur þá sérstöðu að honum liggur ekki vegur og að hann er innan þjóðgarðs. Í greinargerð virðist ekki koma skýrt fram hver afstaða þjóðgarðsins sé til deiliskipulagsins og hvað leyfisveitingar liggja fyrir.

**Svartárbotnar;(Gíslaskáli) Fjallaskáli:** Í gildi er deiliskipulag og gert er ráð fyrir að auka möguleika á gistingu fyrir allt að 70 manns sem er yfir hámarksviðmiði fyrir skála á hálendinu. Það er því gerð sama athugasemd og áður um hvort það sé stefnan fyrir skála á hálendinu að stækka þá í hvert skipti sem þess er óskað (ekki kemur fram hver hefur óskað eftir stækkun?). Einnig vill Náttúrufræðistofnun benda á að stofnunin hefur lagt til að Svartárbotnar þ.e. lindirnar verði verndaðar sjá.

<https://ni.is/node/21642> og hér

<https://natturuminjaskra.ni.is/index.html?extent=475623.3475%2C468731.3935%2C483249.9773%2C474373.6443%2C3057>. Tillaga Náttúrufræðistofnunar er í vinnslu skv. 36. gr. laga um náttúruvernd og því ekki endanlega ákveðið hvort tillagan nái fram að ganga eða ekki. Engu að síður er lindirnar merkilegar og aukning á ferðamennsku getur verið ógn við umgengni um þær.

**Skálpanes; Fjallaskáli; Framafréttur:** Hér er lagt til að festa í deiliskipulagi það sem nú þegar er fyrir hendi en ekki gert ráð fyrir frekari uppbyggingu. Ekki gerð athugasemd en ekki kemur fram hvers vegna deiliskipulag er ekki þegar fyrir hendi.

**Fremstaver; Fjallaskáli; Framafréttur:** Ekki til deiliskipulag og ber að fagna því að það sé gert. Stækkun er ekki umfram viðmið um skála á hálendinu og er því ekki gerð athugasemd en bent á almennar athugasemdir um stækkun skála almennt og hestaferðir.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
210 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: trausti@ni.is



Frá: Rúnar Guðmundsson <runar@utu.is>

Dags: 05/11/2019 05:24:22 PM

Til: "ni@ni.is" <ni@ni.is>, "hsl@hsl.is" <hsl@hsl.is>, Sigrún Guðmundsdóttir <sigrun@hsl.is>, Kristinn Magnússon <kristinn@minjastofnun.is>, Uggi Ævarsson <uggi@minjastofnun.is>, Erna Bára Hreinsdóttir <erna.b.hreinsdottir@vegagerdin.is>, "land@land.is" <land@land.is>, "ust@ust.is" <ust@ust.is>, Regína Sigurðardóttir <regina.sigurdardottir@for.is>, "for@for.is" <for@for.is>  
cc: Sigurður Hreinsson <sigurdur@utu.is>, Stella Rúnarsdóttir <stella@utu.is>  
Efni: Beiðni um umsögn. Geldingafell; Fjallaskáli; Framafréttur; Deiliskipulag - 1903014

---

Sæl veriði.

Hér með er óskað eftir umsögn vegna meðfylgjandi deiliskipulags .

Það væri afar vel þegið að fá umsögn inna 30 daga.

*Með góðri kveðju.*  
*Rúnar Guðmundsson*  
**Skipulagsfulltúi**



Dalbraut 12. Laugarvatni

Sími: 480 5550

Netfang: [runar@utu.is](mailto:runar@utu.is)

Vefsíða: [www.utu.is](http://www.utu.is)

[attachment "Greinargerð 23.4.2019, Geldingafell, fjallaskáli, framafréttur, deiliskipulag.pdf" deleted by Trausti Baldursson/NI.IS] [attachment "Deiliskipulagstillaga 23.4.2019, Geldingafell, fjallaskáli, framafréttur, deiliskipulag.pdf" deleted by Trausti Baldursson/NI.IS]